

LION




Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 341

desember 2023



We Serve



Desember 2023. Blað nr. 341
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdámi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgað Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjölumdæmisstjórn:



Sigfríð Andradóttir, fjölumdæmisstjóri. Sigfríð er félagi í Lionsklúbbnum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: sigfrida@simnet.is



Fríðrik Hansen Guðmundsson, umdæmisstjóri í 109 A. Fríðrik er félagi í Lionsklúbbnum Fjörgyn og er með tölvupóstfangið fridrikhansen@gmail.com



Baldur Ingi Karsson, umdæmisstjóri 109B. Baldur Ingi er félagi í Lionsklúbbnum Hængur. Netfang Baldurs Inga er balduringikarsson@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2023 – 2024

Fjölumdæmisstjóri: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Umdæmisstjóri 109B: Baldur Ingi

Karsson, Lkl. Hængur

Fjölumdæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumdæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Vara fjölumdæmisstjóri: Geirþrúður

Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Niels

Bjarki Finsen, Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (félagamál): Jón Pálmason,

Lkl. Víðarr

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,

Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður Þingnefndar: Jóhann Jónsson

Lkl. Álftanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingbergisdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A Inga Lóa

Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdæmisstjóri 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Theelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Aðalsteinn Hallgrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarráðgjafarinnar 2023 – 2024:

Alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada;

Fyrirverandi alþjóðaforseti Brian E.

Sheehan, United States;

Vara alþjóðaforseti, Fabricio Oliveira,

Brazil;

Annar vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India;

Þriðji vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon,

United States.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanogopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masaki Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirozaka, Japan.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Guðmundur Jónsson er

ljósmyndarinn



Rittjórnargreini

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er þriðja tölublað þessa starfsárs 2023 til 2024 komið út. Þetta blað er prentað blað ásamt því að vera netblöð. Ég átti von á því að nokkuð mikið yrði um greinar í þessu blaði en því miður er svo ekki. Ég sakna greina frá embættismönnum okkar í hreyfingunni. Það er nauðsynlegt fyrir okkur félagan að fá að fylgjast með hvað er á döfnni. Ég held að það vanti nokkuð upp á upplýsingagjöf frá embættismönnum okkar til hins almenna lionsfélaga. Lionsbladið ásamt samfélagsmiðlum okkar er vettvangur til þess að koma með upplýsingar sem eiga erindi til félaganna. Ég bendi á að aughýsingu um framboð og bendi félögum að lesa hana vel og senda inn framboð hafi þeir hug á að bjóða sig fram til embætta í hreyfingunni.

Í síðasta blaði fór röng mynd með minningargrein um Jón Gunnar Stefánsson fyrir mistök. Ég bið hlutadeigandi afsökunar á því og birti greinina aftur með réttri mynd.


Að lokum óska ég öllum félögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og þakka samstarfið á árinu sem nú er að líða. Eins þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og til þeirra sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Breytum heiminum saman

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar
Hvern dag þá erum við ekki eingöngu að breyta lífi annara með þjónustu okkar. Við ritum sögur af vonum, samúð og langvinnnum áhrifum. Saman búum við til frásagnir af umbreytandi afli manngæsku og þeim skulum við deila með heiminum.

Sem lionsfélagar, þá skulum við ekki vanmeta mátt góðverka. Ég hvet ykkur til að vanmeta aldrei hvað hvatning og hollusta ykkar við að leggja öðrum lið skiptir miklu máli fyrir aðra að mér meðtalinni. Sem Alþjóðaforseti er ég snortin yfir þeirri ástríðu og hollustu sem lionsfélagar hafa sýnt, og ég hef þann heiður að hafa hitt á ferðum mínum. Ég er full andagiftar yfir sögunum sem ég les og horfi á, á netinu og annarsstaðar. Haldið áfram að deila þjónustusögum ykkar og stolti ykkar að vera Lions og svo skulum við sjá hvað innblástur ykkar dregur ykkur langt.

Þegar árið er að líða hjá er góður tími til að velta vöngum. Þegar við flettum dagatalinu af 2023, þá skulum við gefa okkur tíma til að halda uppá það sem við höfum afrekað á árinu og láta það vera okkur leiðbeiningar og hvatning á nýju ári. Saman höldum við áfram að betrubæta mannlíf og umbreyta heiminum.

Ykkar til þjónustu

*Dr. Patti Hill
Alþjóðaforseti Lions*

Þýðing: Geir Hauksson



Jólaeveðja til lionsfélaga frá LCIF teyminu



Kæru lionsfélagar
Viðast hvar eru jólin tími gleði og örlætis. Flestir eru glaðari og hamingjusamari um jólin. Fjölskyldur safnast saman yfir jólaævöldverðinum, jólaþrengingar eru settar upp innan og utan heimilisins til að komast í jólaþrenging og útvarpsstöðvar spila tónlist sem vekja jólaandann í hjörtum hlustenda sinna. Gleði og hamingja er smitandi tilfinning og það eru ýmsar ástæður fyrir hamingju sem flestir upplifa yfir hátíðirnar. Tækifærið til að taka sér hlé frá streituvöldum lífsins, vera með ástvinum, þeim sem við elskum. Jólin gefa okkur tækifæri til að vera þakklát fyrir liðinn tíma, gleðjast í núinu og vera vongóð um framtíðina. Jólin eru líka tími þar sem fólk leggur sig fram um gleðja aðra og vill deila

hamingjunni. Ef til vill er það vegna gleði jólaanna sem við erum líklegri til að gefa framlög til hjálparamtaka í aðdraganda jóla, til hjálpar fólki sem er í neyð.

Kæru lionsfélagar njótið jólaanna, gleðinnar og samverunnar við fjölskyldu og vini sem fylgir þeim. Við sendum ykkur kærar jólaþrengingar með þökk fyrir framlög ykkar til Alþjóðahjálparjós Lions það sem af er ári – framlög sem bæta lífsgæði margra sem eru í neyð og deila kannski hluta jólagleðinnar áfram. Það er það sem við gerum í Lions, líka þó ekki séu jól.

Björn, Geirprúður og Anna

Skilafrestur á efni í næsta blað er 8. febrúar

Fjölumdæmisstjóri - jólakveðja

Sigfríð Andradóttir,

fjölumdæmisstjóri MD 109



Nú er desember genginn í garð með öllum sínum tilboðum, jólahlaðborðum og tónleikum. Í nóvember upplifðum við Halloween, svartan föstudag, net mánudag, allt atburðir sem hafa komið inn í íslenska menningu á síðustu árum og eru komin til að vera. Þetta er Ísland í dag með aukinni fjölbreytni, nýjum upplifunum og breyttum tíðaranda.

Þetta er það sem við í Lions þurfum að tileinka okkur í auknum mæli, þó að við höfum gert hlutina eins í tugi ára er engin ástæða til annars en að breyta til, taka upp ný verkefni og fjáraflanir, breyta fundartíma til að komast á mót við nýja (unga) félaga sem eiga erfitt með að mæta á langa fundi með mat og drykk. Halda netfundi og/eða blandaða fundi (hybrid).

Það hefur gengið mikið á út í hinum stóra heimi og líka hérna heima. Stríð, náttúruhamfarir og erfitt að átta sig á hvar þörfin er mest. En þar höfum við stóra hjálparsjóðinn okkar LCIF sem er fljótur að bjóða fram aðstoð ef á þarf að halda út um allan heim. En til þess að halda honum öflugum er nauðsynlegt að við sem erum lionsfélagar séum dugleg að styrkja hann bæði sem einstaklingar og klúbbar. Einnig eigum við hér á Íslandi góðan hjálparsjóð „Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar“ sem hægt er að sækja um stuðning í.

Jarðskjálftarnir í Grindavík og hættuástandið þar stendur okkur öllum nær og er hugurinn hjá þeim sem komast ekki heim til að halda jólin þar. Við munum styðja við bakið á Lionsklúbbi Grindavíkur þegar að uppbygging hefst hjá þeim af fremsta megni hvort sem það verður með fjárstyrkjum eða í verki.

Ég vil fyrir hönd fjölumdæmisins MD 109 Ísland óska ykkur öllum gleðilegra jóla, árs og friðar og vona að nýja árið veiti okkur kraft og þor til að standa upp, gera breytingar í klúbbunum okkar til að laða að okkur nýja félaga sem bera merkið okkar með stolti áfram og halda hreyfingunni sterkri í framtíðinni.

Ég vil enda á þessum orðum hennar Ingibjörgu Eysteinsdóttur frá Beinakeldu.

- | | |
|--|--|
| 1. Óska ykkur árs og friðar allrar gæfu um þessi jól. Elfa tímans áfram niðar eyðist myrkur, hækkar sól. | 5. Ljós á kertinu lifir líður að jólanótt. Andi Guðs vakir yfir allt verður kyrrt og hljótt. |
| 2. Leiki ykkur lánið við léttrar njótið gleði. Árið nýja færi frið farsæld, birtu í geði. | 6. Vetrartíð þó verði köld og víða fenni í skjólin. Ykkur geymi kyrrlát kvöld og kærleiksrik um jólin. |
| 3. Þegar jólaljósinn ljóma lifnar yfir hug og sál. Söngvar fagrir sífellt hljóma samhæft alheims tungumál. | |
| 4. Gjafir margar gefnar eru gjöfin best og stærst er sú Jesúbarn í jötu borið jólafriðinn helgar nú. | |

Með jólakveðju
Sigfríð Andradóttir
Fjölumdæmisstjóri 2023 - 24



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. <https://www.lions.is/is/minningarkort>
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Með samheldni vinnum við sigra

Kristófer Tómasson,

Lkl. Geysi



Þessi orð gerði ég að mínum kjörorðum þegar ég öðlaðist þá vegtyllu að verða umdæmisstjóri á árunum 2011 -2012 og ennfremur þegar ég var fjölumdæmisstjóri á síðastliðnu starfsári.

Það var ekki að ástæðulausu sem þessi orð urðu fyrir valinu. Ég hef alla tíð haft mikla trú því að farsælt og heiðarlegt samstarf sé líklegt til að verða árangursríkt í víðu samhengi. Hvað felst í orðinu „samheldni“? mín túlkun á því er sú, að tilteknir aðilar, eða tiltekinn félags-

skapur haldi saman, þar ríki óbilandi traust og aðilar vinni að sama markmiði. Ennfremur snýst samheldni um að mynda þetta heild þegar áföll eða aðkast af einhverju tagi ríður yfir.

Við sem störfum í lionshreyfingunni höfum að mínu mati borið gæfu til að koma mörgum góðum verkum til leiðar. Þar má ekki síst þakka samheldni meðlima lionshreyfingarinnar. Ég hef fyllt rúma þrjá áratugi sem lionsfélagi. Ef ég horfi til klúbbsins míns þá eru böndin þar milli manna sterk. Með árunum hafa þau styrkst. Eftir því sem böndin styrkjast verður slagkraftur til góðra verka meiri. Það sama má segja um marga aðra klúbba. En því miður eru dæmi um það í allnokkrum klúbbum að halli undan fæti. Það byggðarlag sem býr að góðum Lionsklúbbi er fyrir bragðið auðugra.

Um 15 ára skeið hef ég á einn og annan hátt, verið hluti af stjórnendahópi lionshreyfingarinnar. Þar hef ég kynnst mjög vönduðu fólki og eignast góða vini. Nokkuð sem ég hefði ekki viljað missa af. Mikill einhugur og samheldni hefur ríkt um þau viðfangsefni sem unnið hefur verið að í gegnum árin. Lionshreyfingin hefur notið trausts og virðingar hjá þjóðinni. Sem dæmi um það má nefna rauðfjaðrar safnanir. Svo ekki sé minnst á öll

stórvirkin sem alþjóða hjálparsjóðurinn hefur komið til leiðar.


Við sem tilheyrum lionshreyfingunni erum hæversk og höfum ekki gert mikið af því að berja okkur á brjóst og hrósa okkur fyrir afrek og árangur. En ég tel að við höfum ástæðu til að bera okkur vel og vera sátt í hjarta okkar með það sem við höfum í krafti Lions lagt til samfélagsins og annarra góðra verkefna á þessum rúmu sjötíu árum sem Lions hefur starfað á Íslandi.

Ég er sannfærður um að einn stærsti þátturinn í hvernig til hefur tekist sé „samheldni“ sem ríkt hefur meðal lionsfélaga. Við þurfum að standa vörð um samheldnina. Í klúbbunum og ekki síður í forystusveitinni. Samheldnin má ekki bresta.

Kristófer Tómasson félagi í Lionsklúbbum Geysi og fyrrverandi fjölumdæmisstjóri



Lionsklúbburinn Embla



Jólakveðja
Lionsklúbburinn Embla óskar öllum landsmönnum, sér í lagi lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Hugsum sérstaklega til vina okkar í Lionsklúbbi Grindavíkur og biðjum að þeir geti átt gleðileg jól með sínu fólki og komist sem fyrst aftur í fallega bæinn sinn.



Hugleiðing fyrir jól

Porkell Cýrusson,
ritstjóri Lionsblaðsins



Jól eru ein af trúarhátíðum kristinna manna og kvenna. Heiðnir og trúlausir halda upp á jól í tilefni rísandi sólar og hefða á sama tíma. Kristnir menn halda jól á fæðingardegi Jesú Krists hvort sem þú ert mótmælenda trúar eða rómversk kaþólskrar. Mótmælendur og

kaþólikkar halda jólin á jóladag þann 25. desember þó sums staðar byrji helgi dagsins klukkan 18:00 á aðfangadegi jóla. Í jólaguðspjallinu kemur fram þessi setning; „Yður er í dag frelsari fæddur...“ sem markar upphaf hátíðarinnar. Þarna er auðvitað átt við þegar Jesús Kristur fæðist og er lagður í jötu en þá frásögn þekkja flestir. Þess ber þó að geta að það kemur hvergi fram í Biblíunni hvenær Kristur er fæddur. Fyrsti fæðingardagur Krists var ákveðinn 6. janúar sem tengist flóðum í fljótinu Níl frá fornu fari. Það var síðan á 4. og 5. öld sem fór að tíðkast að minnast fæðingardagurinn þann 25. desember. Formlega var tekin ákvörðun um að það yrði fæðingardagur Krists á kirkjuþingi árið 567 í Tours í Frakklandi.

Jólin er oft sögð hátíð ljóss, kærleiks og friðar og vissulega er það rétt. Þetta á þó ekki við hjá öllum. Jólin eru mörgum erfið t.d. er ekki alls staðar friður í heiminum og þar ríkir ekki kærleikur á meðal fólks. Jólin eru haldin á dimmasta hluta ársins en eru engu að síður kölluð hátíð ljóssins og það er vegna þess að við tendrum fleiri ljós bæði innan húss og utan

til að halda upp á jólin og lýsa upp dimmasta skammdegið.

Margir sakna ástvina á jólum þó að jólin eigi að vera andstaða spennu, kvíða, dapurleika og sorgar. Aðventan og jólin eru mörgum erfið og það er eðlilegt í aðdraganda jóla að söknuðurinn verður sárari og þeir sem hafa misst ástvin finna hvernig sorgin eykst með hverjum degi sem líður nær jólum. Munum eftir að rifja um góðar minningar með látnum ástvinum og að leyfum okkur að fara í gegnum þær tilfinningar sem koma. Ekki byrgja þær inni því það hjálpar engum. Það má alveg gráta það hjálpar við úrvinnslu sorgarinnar.

Um leið og ég óska öllum lesendum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári þá minni ég að við eigum að nota þann tíma sem fram undan er til að minna okkur á hvað okkur er mikilvægt í lífinu og um leið að rækta sambandið við þá sem okkur þykir vænt um.

Porkell Cýrusson ritstjóri Lionsblaðsins

Lionsklúbbur Kópavogs og Byko

Þann 4. nóvember síðastliðin undirrituðu Lionsklúbbur Kópavogs og Byko styrktarsamning vegna uppbyggingar á Kópavogsbúinu sem er elsta steinhús Kópavogs.

Tilgangur þessarar vinnu og uppbyggingar er koma upp tvemur íbúðum sem verða til leigu fyrir aðstandendur barna sem eru í hvíldar innlögn í Rjóðrinu sem og aðstandenda sjúklinga á líknardeild Landspítalans.

Kópavogsbær og Lionsklúbbur Kópavogs gengu til samninga árið 2021 um þessa enduruppbyggingu og fékk klúbburinn umráð yfir Kópavogsbúinu. Efsti hluti þess var byggður á árunum 1902-1904 af Erlendi Zakaríassyni steinsmið. Þess má geta að útveggir hússins eru hlaðnir af steinum sem gengu af byggingu Alþingishússins þegar það var byggt á árunum 1880-1881. Kópavogsbúíð er friðað utan og hefur vinna þar verið í samráði við Minjastofnun en húsið er 124 m² á tveimur hæðum

Lionsklúbbur Kópavogs unnið mikið starf í gegnum árin fyrir Rjóðrið. Til að mynda var svokallaður iðjusalur tekin í gegn og Bifreið gefin til afnota fyrir skjólstaðinga þess

Nú hefur klúbburinn tekið að sér eitt af sínum stærstu verkefnum til þessa í þágu barnanna, foreldra þeirra og annarra aðstandenda



Framboð til embætta vor 2024

Í samræmi við starfsreglur og lög fjöllumdæmis 109 vill fjöllumdæmisráð koma eftirfarandi á framfæri til allra Lionsfélaga

Fjöllumdæmis og umdæmisþing það 69. verða haldin á Álftanesi dagana 10. og 12. maí 2024. Framboð til embætta og tillögur skal taka fyrir á fjöllumdæmis og umdæmisþingum 2024. Frestur til að skila inn tillögum um breytingar á lögum og um mál sem leggja á fyrir þingin er samkvæmt lögum fjöllumdæmis 109.

- Mál og / eða tillögur sem klúbbur og/eða klúbbar óska eftir að séu rædd á umdæmisþingi / þingi fjöllumdæmisráðs skulu pósthleggjast umdæmisstjóra / fjöllumdæmisstjóra eigi síðar en 45 dögum fyrir umdæmisþing / þingi fjöllumdæmisráðs.**
(Síðasti skiladagur fyrir 69. Lionsþing er því 28. mars 2024).
Fjöllumdæmisráð / umdæmisstjórnir fjalla um slíkar tillögur og gefa þeim álit.
- Tillögur um framboð til embætta umdæmisstjóra, fyrsta og annars vara umdæmisstjóra fyrir starfsárið 2024 – 2025 skal senda kjörnefndum fyrir 15. febrúar 2024. Kjörgengi til embættis umdæmisstjóra hefur fyrsti varaumdæmisstjóri, kjörgengi til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra hefur annar varaumdæmisstjóri.**
Um kjörgengi til embættis annars varaumdæmisstjóra segir í lögum Fjöllumdæmis 109:
Sá einstaklingur skal vera:
 - Starfandi Lionsfélagi og hafa staðið í skilum við klúbb sinn, enda sé klúbburinn einnig skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjöllumdæmi 109.
 - Hafa tryggt sér stuðning síns klúbbs eða meiri hluta klúbba síns umdæmis.
 - Hafa lokið eða verið að ljúka embætti sem formaður Lionsklúbbs og hafa setið í stjórn Lionsklúbbs í a.m.k. tvö önnur ár.
 - Hafa lokið eða verið að ljúka embætti (svæðisstjóri, gjaldkeri/ritari) í umdæmisstjórn.
 - Ekki má gegna ofangreindum embættum (c og d) samtímis nema til komi undanþága frá Alþjóðastjórn.
- Tillögur um framboð til embættis fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2024 – 2025, til embættis vara fjöllumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2024 – 2025 skal senda fjöllumdæmisritara fyrir 15. febrúar 2024. Þeir einir eru kjörgengir til embættis fjöllumdæmisstjóra sem hafa gegnt embætti vara fjöllumdæmisstjóra og til embættis vara fjöllumdæmisstjóra sem gengt hafa embætti umdæmisstjóra.**
- Á þingum umdæma og fjöllumdæmisráðs á Álftanesi verður:**
 - Kosið í embætti umdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2024 – 2025.
 - Kosið í embætti fyrsta og annars varaumdæmisstjóra 109 A og 109 B starfsárið 2024 – 2025.
 - Kosið í embætti fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2024 – 2025.
 - Kosið í embætti vara fjöllumdæmisstjóra starfsárið 2024 – 2025.

Einnig þarf að kjósa eða skipa í eftirtalin embætti fjöllumdæmisráðs með framboðsfresti til 15. febrúar 2022:

- | | |
|-------------------------------|--------------|
| e) GLT stjóri til eins árs | 2024 – 2025. |
| f) GMT stjóri til eins árs | 2024 – 2025. |
| g) GST stjóri til eins árs | 2024 – 2025. |
| h) Alþjóða samskiptastjóri | 2024 – 2026. |
| i) Markaðs og kynningarstjóri | 2024 – 2026. |
| j) Medic Alert stjóri | 2024 – 2027. |
| k) Heilbrigðisstjóri | 2024 – 2027. |
| l) Ritstjóri Lions | 2024 – 2027. |
| m) Ungmennaskiptastjóri | 2024 – 2027. |
| n) Netstjóri | 2024 – 2027. |

Embætti sem þarf að kjósa um á þingi fjöllumdæmisráðs en falla ekki undir framboðsfrest:

- Fjöllumdæmisritari til eins árs,
- Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs,
- Tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara til eins árs.
- Aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu kosnir árlega.

Embætti í liðum 4e – 4r eru án skilyrða og opin öllum áhugasömum Lionsfélögum.

Kópavogur 2. desember 2023

Sigfríð Andradóttir Fjöllumdæmisstjóri 109 2023 – 2024

Friðrik Hansen Guðmundsson Umdæmisstjóri 109 A 2023 – 2024

Baldur Ingi Karlsson Umdæmisstjóri 109 B 2023 – 2024

Lionsklúbburinn Æsa

Lionsklúbburinn Æsa afhenti nú á dögunum Konukoti styrk sem var afrakstur Vinkonukvöldsins í október síðastliðnum. Klúbburinn vill þakka öllum þeim konum sem sóttu kvöldið og einnig þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lögðu málefnið lið með fjármagni sem rann óskipt til Konukots.

Með Lions-kveðju
Brynja Þóra Valtýsdóttir
Netstjóri Lionsklúbbsins Æsu



Minning † Björn Ólafur Hallgrímsson



Með Birni Ólafi Hallgrímssyni er kvaddur einn af hinum traustu, góðu félögum okkar í Lionsklúbbum Víðari.

Stundum er spurt: hvað fæst út úr því að vera í lionsklúbbi? Að sjálfsögu er það ýmislegt en fyrst og fremst er það vinátta. Vinátta sem skapast milli félaganna í áranna rás – afrakstur skemmtilegra samverustunda þegar við gefum okkur tóm frá daglegu amstri til að funda saman yfir góðum

kvöldverði og ræða hin ýmsu málefni. Smám saman myndast tengsl áður óþekktara manna sem þróast í vinátta og hún er einmitt eitthvað sem verður dýrmætara eftir því sem árin líða.

Björn Ólafur smellpassaði inn í þessa mynd, mannblendinn, skrafhreifinn og skemmtilegur. Hann bar það með sér að þar fór drengur góður. Í hvert skipti sem komið var saman fagnaði hann félögum sínum – stórt og breitt brosið og á haustin þegar komið var saman eftir sumarfrí fylgdi brosinu faðmlag. Á þessu varð breyting er við komum saman í haust; enginn Björn til staðar og hans var saknað við borðið. Engin regla er á sætaskipan á fundum okkar klúbbs en einhvern veginn er það svo að oft raðast sömu félagarnir á svipaðar slóðir, fund eftir fund. Þannig þróuðust málin að oftast en ekki var skammt á milli okkar félaganna og náðum við vel saman í spjalli. Átti hann til að spyrja í léttum tón hvar „framsóknarborðið“ væri, þótt bannað sé að tala um stjórnsmál á lionsfundum. Björn las mikið, átti samskipti við marga í starfi sínu sem lögmaður og fylgdist vel með þjóðmálaumræðunni. Þá hafði hann gaman af léttum kveðskap og átti ekki langt að sækja það

og mikið um ljóð í foreldrahúsum í Keflavík. Móðir hans Lóa Þorkeldsdóttir og faðir hans Hallgrímur Th. Björnsson, sem var kennari og yfirkennari Barnaskólans í Keflavík í tugi ára, voru hagnæm og gáfu út ljóðabók saman. Þá var Björn góður harmonikkuleikari og lék með Stórsveit SÍBS við hin ýmsu tækifæri.

Björn var virkur félagi; mætti alltaf þegar hann hafði tök á og honum var treyst til æðstu embætta klúbbsins, jafnt í stjórn sem í nefndum, og þar stóð hann vaktina með þryði og rétt að geta þess að sl. vor tók hann við embætti varaformanns. Hann var kjörinn Melvin Jones-félagi, en það er æðsta viðurkenning sem Lions veitir félögum sem hafa til þess unnið. Þá tók hann þátt í öllum skemmtunum á okkar vegum og skarst aldrei úr leik þegar til hans var leitað. Sama má segja um ferðalög klúbbsins, þá mætti Björn Ólafur með konu sína Helgu, hvort heldur leiðin lá um Ísland eða á erlendar slóðir. Þau voru góðir ferðafélagar.

Að leidarlokum viljum við, og fyrir hönd klúbbfélaganna í Víðari, þakka Birni allar þær mörgu ánægjustundir sem við höfum átt saman. Það var okkur ánægja að geta heimsótt Björn á sjúkrahúsið skömmu áður en hann lést. Við áttum þar góða stund saman og sögðum að hans væri saknað við „framsóknarborðið“ og Björn bæði brosti og hló – rétt eins og vanalega. Eiginkonu hans Helgu og afkomendum þeirra vottum við okkar einlægustu samúð á erfiðum tímum.

Guð blessi okkar góða féлага og vin, Björn Ólaf Hallgrímsson, og gefi honum frið.

F.h. lionsklúbbsins Víðars,
Guðmundur Bjarnason
og Niels Árni Lund.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Blóðsykursmæling var sameiginleg hjá klúbbnum þrem í Hafnarfirði



Umdæmissjóri afhenti formanni LkH fána sinn



Ingimundur Pálsson, Magnús formaður og Magnús ritari



Bræðurnir Björgúlfur og Þorsteinn

Senn líður að Jólum. Aðfangadegi jóla er fagnað af Íslendingum með ýmsum hætti og eru síðirnir æði mismunandi eftir fjölskyldum. Hjá flestum er þó mikið lagt upp úr góðum kvöldverði, gjafir eru opnaðar og síðan fara margir til miðnætturmessu. Mikill áhugi er á jóljáljósum og skrauti, talið er að 40% heimila séu með lifandi jólatré en 12% heimila með ekkert tré. Það var alkunna síður hér áður fyrr að húsfreyja gengi í kringum bæinn á aðfangadagskvöld og mælti þessi orð: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu“.

Það sem af er vetri hefur starfið hjá okkur í klúbbnum gengið bara vel, þó er nokkuð um veikindi og aðrir á sólarströnd eins og gengur. Við fengum góðan gest í október, Guðmund Guðbergsson sviðstjóra hjá Hafranssóknastofnun, hélt hann erindi hjá okkur sem hann kallaði „Bland í poka“ þar sem hann fjallaði um eldislax og áhrif á íslenska laxastofninn þegar eldislax sleppur og gengur í laxveiðiár. Benti á hnignun á bleikjustofni og vöxt á sjóbirting.

Ingvar Viktorsson er virkur félagi og góður sagnamaður, Á síðustu fundum hefur hann verið með vísnaðátur sem félagarnir eiga svo

að ráða í, er síðan með ráðningu á þeim, útskýringar og kynnir höfunda.

Einn góður félagi okkar Kristinn Þórir Jóhannesson varð níræður 30. október, heimsóttu stjórnarmenn hann og færðu honum gullmerki Kjaransorðu.

Á fundi í október var sýnd heimildarmynd af komu Ljósafells SU 70 frá Japan sem sagði frá smíði og heimsiglingu skipsins fyrir 50. árum. Haraldur Benediktsson ein félagi okkar hafði stuttan formála og sagði frá upplifun sinni en hann tók þátt í að sigla skipinu heim.

Tekinn var inn nýr félagi í nóvember, Ingimundur Pálsson og var honum vel fagnað.

Góður gestur kom í heimsókn er við vorum með síðasta fund ársins í desember, Friðrik Hansen Guðmundsson, umdæmissjóri 109A. Sagði hann frá lífshlaupi sínu og helstu áhersluatriðum sínum er varðaði lions hreyfinguna. Í máli hans kom fram að Mission 1.5 félagafjölgun yrði komið á með aukinni markaðssetningu og að hlúa þurfi vel að félögumunum. Ræddi núverandi umdæmisskipan með það í huga að hafa aðeins eitt umdæmi. Afhenti formanni fána sinn, sem er með slagorðinu „Lions er lífsstíll“.

Eitt af verkefnum okkur er afar hugleikið

en það er stuðningur við Íþróttafélagið Fjörð, bæði peningalega og verklega. Laugardaginn 25. nóvember síðastliðinn stóð Fjörður fyrir árlegu móti sínu í Boccía og var þátttaka mjög góð. Dómgæsla var að venju í höndum okkar félaganna í klúbbnum og að lokum afhenti klúbburinn, Boccíadeildinni, veglega peningagjöf sem verður áreiðanlega vel nýtt hjá þessum ágætu vinum okkar í Íþróttafélaginu Firði.

Jólagleði var sameiginlega hjá klúbbnum þrem í Hafnarfirði sem tókst með ágætum. Verkefnanefnd undir stjórn Magnúsar Ingjaldssonar hefur hafið undirbúning á að veita hinum ýmsu félögum og samtökum styrki og hefur Mæðrastyrksnefnd í Hafnarfirði nú þegar fengið glæsilegan styrk í formi greiðslukorta ásamt fjórðungs framlagi frá Fjarðarkaupum. Markmið okkar á næsta ári er að gera góða hluti enn betri.

Við félagarnir í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar sendum okkar bestu jóla -og nýárskveðjur.

*Friðgeir H. Guðmundsson
MCC formaður og blaðafulltrúi Lionsklúbbs
Hafnarfjarðar*



Vinningshafar, félagar í Íþróttafélaginu Firði



Dómarar á Boccía móti fatlaðra



Bræðurnir, Guðmundur Kristinn og Birgir



Haraldur Ben. skipstjóri



Ljósafell SU70 843.95 Brúttólestitir



Magnús, Kristinn Þórir og Friðgeir



Klúbbfélagar

Ungmennaskipti

Evrópuþing

Dagana 25. til 28. október var Evrópuþingið haldið, að þessu sinna fór þinghald fram í Klagenfurt, 100 þúsund manna bæ í Austurríki þar sem um eitt þúsund Lionsfélagar komu saman. Þetta var frekar langt ferðalag þar sem hagstæðast var að fljúga til Munich og keyra svo þaðan í rétt um 5 tíma til að ná áfangastað. Er þetta frekar langt ferðalag þar sem oftast er verið að tala um að halda þingin nær alþjóðaflugvöllum til að stytta ferðatímann, þetta er svona svipað og við höldum sambærilegt þing á Húsavík!

Ungmennaskipti, hver er tilgangurinn ?

Það var árið 1961 sem þetta mikla verkefni sem ungmennaskipti eru hófst og hefur verið óslitið allar götur síðan að undanskildum Covid árunum. Þetta verkefni hefur gefið þúsundum ungmenna frá fjölmörgum löndum möguleika til að efla skilning og traust á milli þjóða og skilja mikilvægi sitt sem einstaklings í þessum heimi enda er tilgangurinn með þessum ungmennaskiptum sá „AÐ GLÆÐA OG EFLA GAGNKVÆMAN SKILNING OG TRAUST ÞJÓÐA Á MILLI“.

Samningar

Á þinginu í ár voru gerðir samningar við 12 þjóðir um ungmennaskipti fyrir sumarið 2024, en það eru eftirfarandi lönd: Austurríki, Belgía, Danmörk, Eistland, Finnland, Holland, Ítalía, Noregur, Rúmenía, Serbía, Sviss og Þýskaland. Áætlað er að það komi eitt ungmenni frá hverju landi og verði í tvær vikur í búðum.

Búðir 2024

Staðsetning búðanna verður á svæði 5 í A umdæminu, undirbúningur er að fara af stað þar sem fulltrúar frá öllum klúbbunum á svæðinu koma saman og skipta með sér verkefnum, það á eftir að finna stað fyrir búðirnar en eins og vanalega þá reikna ég með að fengin verði afnot af einhverjum af þeim skólum sem eru á svæðinu. Áætlað er að

búðirnar verði frá 29. júní til 13. júlí, mun þetta vera í þriðja sinn sem svæði 5 heldur utan um þetta verkefni.

Heimagisting

Því miður hefur það verið þannig mörg undanfarin ár að erfiðlega hefur gengið að fá Lionsfélaga til að taka að sér eitt til tvö ungmenni í eina viku inn á sitt heimili, telur að þetta sé svo mikil vinna og þurfi að vera á fleygiferð alla daga. Það er ekki krafan, krafan er sú að ungmennin kynnist íslensku heimilislífi og finni að það sé velkomið, það fór dálítill tími á Evrópuþinginu í að ræða þessi mál, hjá flestum var þetta ekki vandamál, t.d. í Belgíu er þetta þannig að ef einhver sendir ungmenni þá skuldbindur hann sig til að taka við ungmenni árið eftir, ef fjölskyldan hefur einhverra hluta vegan ekki tök á því þá er klúbbur viðkomandi gerður ábyrgur fyrir því að leysa málið með gistinguna! Því miður hefur þetta verið mikið vandamál hjá okkur hér á landi, ef við tökum árið í ár þá voru ekki nema 6 ungmenni hjá okkur, samt var vandamál með að fá gistingu fyrir þau en hafðist að lokum með hjálp góðra féлага, bæði innan Lions og utan, það voru 3 fjölskyldur sem leystu þetta með sóma, tvær Lions og ein fjölskylda sem er ekki í Lions, hver um sig var með 2 ungmenni.

Við höfum ákveðið að á þessu starfsári mun eins og staðan er ekki verða boðið upp á heimagistingu hjá okkur en samt meidd þeirri undantekningu að ef einhver er tilbúinn í að taka að sér ungmenni þá er alltaf hægt að endurskoða hlutina.

Að velja ungmenni til þátttöku í þessu mikla verkefni

Í gegnum tíðina hefur það verið þannig að klúbbur svæðisstjóra hefur haft þann rétt að velja ungmenni til utan farar, því miður hefur verið frekar mikið áhugaleysi í að taka þátt í þessu stóra Lionsverkefni sem ég tel að sé eitt af þeim mikilvægustu sem Lions stendur fyrir. Að senda ungmenni í búðir er sameiginlegt verkefni viðkomandi svæðis þar sem í flestum tilfellum allir klúbbarnir taka þátt, ef svo vill til að klúbbur





svæðisstjóra hefur ekki ungmenni til utan farar þá hef ég verið að benda félögum á að leita til annara klúbba á svæðinu, mér finnst það frekar sorglegt þegar við erum með samninga við öll þessi lönd að gefa ekki okkar unga fólki tækifæri til að taka þátt í þessu mikla og skemmtilega starfi. Ég hef stundum heyrt hjá Lionsfélögum að þetta verkefni sé barn síns tíma, það séu allir að ferðast, þetta er bara ekki þannig verkefni, að taka þátt í ungmennaskiptum, fara til annara landa þar sem full dagskrá er, ungmennin kynnast öðrum heimi, öðrum ungmennum, þar sem verða til ævilöng vináttusambönd, ef það er ekki eitthvað sem við eigum að vera stolt af að taka þátt í þá finnst mér Lions vera á rangri leið! Brettum upp ermarnar og verum dugleg að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni.

Ungmennabúðir 2025

Reiknað er með að búðirnar fyrir starfsárið 2024 – 2025 verði haldnar í B umdæminu, sú undirbúningsvinna mun hefjast fljótlega.

Ungmennabúðir 2023

Síðastliðið sumar voru það klúbbarnir á svæði 4 í A umdæminu sem héldu utan um þetta mikla og góða verkefni, tókst það í alla staði vel, ungmennin voru mjög ánægð með hvað var gert fyrir þau, farið út um allt eins og eitt þeirra sagði við mig, farið var meðal annars til Vestmannaeyja, austur í Vík í Mýrdal, farið var upp að gosstöðvunum

á Reykjanesinu og ýmislegt annað brallað. Aðsetur búðanna var í Menntaskólanum að Laugarvatni í Bláskógarbyggð þar sem allir höfðu sérherbergi, held ég muni það rétt að þetta er trúlega í eina skiptið sem svona flott aðstaða hefur verið í boði, yfirleitt hafa skólastofur verið nýttar sem svefnaðstaða þar sem strákarnir hafa verið með sér stofu og stelpurnar sér!

Takk kæru Lionsfélagar á svæði 4 fyrir ykkar frábæru vinnu.

Búðargjöld

Ég hef stundum verið að velta því fyrir mér hvort við ættum að fara sömu leið í ungmennaskiptunum eins og sumar aðrar þjóðir, það er að rukka þátttakendur um búðargjöld. Það hefur verið þegjandi samkomulag hjá okkur norðurlöndunum að fara ekki þá leið en mörg önnur lönd rukka á bilinu 150 til 200 evrur í gjöld. Það sem ég sé fyrir mér með þessu er að ef við fórum þessa leið þá rennur þetta gjald til þeirra sem halda búðirnar, er þetta hugsað til að minnka líkurnar á að þeir klúbbar sem halda utan um þetta verkefni þurfi að lenda í því að greiða með búðunum, það virðist vera orðið erfiðara að ná í styrktaraðila til að taka þátt í þessu annars mikilvæga verkefni. Ef af verður þá gerum við það í samvinnu við hin norðurlöndin.

Með lionskveðju
Pálmi Hannesson
Ungmennaskiptastjóri MD 109



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja



Eyjamenn koma vel undan sumri og hittust klúbbmeðlimir 19. september sl þar sem menn skiptu á milli sín verkefnum og kosid var í nefndir. Klúbburinn er 50 ára þann 6. apríl á næsta ári og af því tilefni verður fjölumdæmisfundur haldin í eyjum þennan dag og afmælishóf um kvöldið. Klúbburinn ætlar að gefa út veglegt 90 síðna afmælisblað og verður þar ýmsu að taka í langri og farsælli sögu klúbbsins.

Fyrrum framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV fyrsti gestur vetrarins.

Stjórn klúbbsins setti sér það markmið að fá eina heimsókn í mánuði eða þá að fara í eina heimsókn á mánuði. Fyrrum framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar ÍBV Daníel Geir Moriz uppstandari og framkvæmdastjóri franskra daga og lífskúntner sagði frá starfi fótboldans í eyjum, hvaða áskoranir félagið glími við á hverju ári ásamt því að segja frá ýmsum góðum sögum tengt bæði fótboldnum, Vestmannaeyjum og Austfjörðum því Daníel er Norðfirðingur og mikill Austfirðingur. Einnig sagði Daníel frá því hvernig hann og kona hans settust að í eyjum og

hvernig það væri að skipuleggja tvær ólíkar bæjarhátíðir á borð við Franska daga og Þjóðhátíð í Herjólfssdal.

Fjölyrki í heimsókn

Á fyrri nóvemberfundinum okkar kom Svavar Guðmundsson lög blindur rithöfundur með bækur sínar um höfuðborgirnar sem og sjónprófsbækurnar sínar sem hann hefur gefið út í fjórum útgáfum á sl. árum. Þar sem gamla góða sjónprófið er notað til þess að leika sér með orðin og búa til ýmiskonar heilræði. Svavar fjallaði um nýja verkefnið sitt Sólmar Marel sem er ekki öryrki heldur fjölyrki. Þar fjalla þeir Svavar og Sólmar Marel sem er brúða um hvernig allir geta unnið við sitt hæfi og fékk Sólmar Marel klúbbfélaga til þess að taka virkan þátt í umræðunum um skapandi störf. Þótti klúbbfélögnum vel takast til með þessa skemmtilegu og uppbyggjandi kynningu. Einnig fjallaði Svavar um ýmislegt skemmtilegt sem á daga hans hafa drifið í gegnum tíðina.



Vel mætt í blóðsykursmælingu

Lionsklúbbur Vestmannaeyja stóð fyrir blóðsykursmælingum þann 15. nóvember með aðstoð og styrk Apótekarans í Vestmannaeyjum. Mættu rúmlega 200 manns í mælinguna og þurftu nokkrir að sækja sér nánari lækniástoðar.

Fyrir tveim árum stóð Lionsklúbburinn í eyjum ásamt fleiri félagsamtökum og fyrirtækjum í bænum ásamt styrk nokkra Lionsklúbba af meginlandinu og LCIF alþjóðahjálparsjóð Lions til að standa straum á nýju augnbotnataeki til þess að greina augnbotnahrörmun. Það er mat lækna og aðstandenda þeirra sem þjónusta tækið að alltof fáir af þeim sem eru með sykursýki í Vestmannaeyjum sæki sér þessa nýju þjónustu. Því hefur verið ákveðið af frumkvæði Lionsklúbbs Vestmannaeyja að stuðla að því að stofna sykursýkisdeild í Vestmannaeyjum á vegum Diametis samtakanna á Íslandi. Þar sem markmiðið er að sykursjúkir Eyjamenn eigi kost á að hittast og stuðla að jafningjafraeðslu sín í milli og hvetja um leið einstaklinga með sykursýki að mæta í reglubundna augnskoðun.

Heimsóttum Eldheima




Klúbburinn stóð fyrir pizzakvöldi í lok nóvember og hélt svo í heimsókn í Eldheima, eldgosasafn á Heimaey. Þar tók á móti hópnum Kristín Jóhannsdóttir forstöðukona Eldheima. Þar gafst klúbbmeðlimum kostur á að skyggjast í starfsemi safnsins sem og fá ýmsan fróðleik um heimaeyjagosið. Heppnaðist heimsóknin vel og gaman var fyrir klúbbfélaga að upplifa eitthvað nýtt í tengslum við Heimaeyjagös.



*Bergvin Oddsson
Formaður Lkl. Vestmannaeyja*



September – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma
- Óskar P. Friðriksson





Fréttir frá Lionsklúbbum Fold



Glasgow ferð

Þann 15. september síðastliðinn hélt hópur Foldarkvenna til Glasgow og Edinborgar til að halda uppá 30 ára afmæli klúbbsins ferðin var upphaflega á dagskrá 2020 en frestaðist af augljósum ástæðum. Ferðin heppnaðist í alla staði vel og áttum við frábæra daga saman þar sem við fengum í bland fróðleik og skemmtun. Í Edinborg fengum við stúlku til að ganga með okkur um í borginni m.a. gengum við The Royal Mile sem var reglulega fróðlegt og skemmtilegt.

Á fundinum okkar í október gekk til liðs við okkur á ný Ólöf Steinarsdóttir en það er ákaflega ánægjulegt að fá aftur til okkar félagar sem haf tekið sér frí í einhvern tíma.

Seinni partinn í október heimsóttum við fyrirtækið Sóley Organics, þar fengum við frábærar móttökur og fræðslu um hvernig vörurnar eru framleiddar úr íslenskum jurtum. Virkilega skemmtilegur dagur sem endaði í mat í Marshallhúsinu.

9. nóvember sáum við Foldarkonur að venju um veitingasölu á tónleikum Fjörgynjarmanna í Grafarvogskirkju.

18. nóvember vorum við svo með blóðsykurmælingar ásamt félögum okkar í Fjörgyn og fóru þær fyrst og fremst fram í Húsgagnahöllinni á Bíldshöfða en nokkrum dögum síðar heimsóttum við Öryggismiðstöðina og mældum þar starfsmenn fyrirtækisins. Alls mældu félagar úr þessum tveim klúbbum 639 manns.

Jólafundurinn okkar verður svo 11. desember í Lionssalnum.

Foldarkonur senda öllum Lionsfélögum hugheilar jóla og nýárskveðjur.

Hrund Hjaltadóttir PCC



Nýr félagi Ólöf Steinarsdóttir



Veitingasala á tónleikum Fjörgyn



Veitingasala á tónleikum Fjörgyn



Heimsókn til Sóley Organics



Heimsókn til Sóley Organics



Blóðsykurmælingar



Blóðsykurmælingar

Minning + Jón Gunnar Stefánsson



Fallinn er frá einn okkar mætu félaga, Jón Gunnar Stefánsson. Jón Gunnar var mikill félagsmála maður, hann gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1973 þegar hann varð einn af stofnendum Lionsklúbbs Öndarfjarðar, fáum árum síðar var hann kjörinn Umdæmisstjóri B umdæmisins á Íslandi sem náði frá Reykjavík, vestur um og Norðurland allt, alla leið að Langanesi. Á starfsári sínu heimsótti hann alla Lionsklúbba í umdæminu þó stundum væri erfitt að fara um að vetrinum til. Að loknum störfum á Vestfjörðum fluttist Jón til Grindavíkur og tók þar við starfi bæjarstjóra, hann gekk fljótlega til liðs við Lionsklúbbsinn á staðnum og var félagi þar þangað til hann lét af störfum bæjarstjóra árið 1990. Þá fluttu Jón og eiginkona hans Gunnhildur Guðmundsdóttir

til Hafnarfjarðar þar sem þau settu niður heimili sitt. Gunnhildur lést árið 2001, fáum árum síðar hélt Jón Gunnar aftur vestur á firði og gerðist bæjarstjóri í Vesturbyggð (frá árinu 1998 til 2002). Fyrir vestan kynntist hann eftirlifandi konu sinni, Ólínu Jónu Bjarnadóttur. Eftir farsælt ævistarf settust þau hjón að í Hafnarfirði þar sem æskustöðvar Jóns eru og gekk Jón gekk fljótlega til liðs við Lionsklúbb Hafnarfjarðar. Jón Gunnar var sæmdur öllum helstu viðurkenningum sem veittar eru innan Lions hreyfingarinnar. Þegar við klúbbfélagarnir brugðum undir okkur betri fætinum og fórum með eiginkonum okkar í hinar árlegu vorferðir eða áttum með þeim huggulegt kvöld, þá var Ólína alltaf honum við hlið.

Við félagarnir söknum góðs félaga og mun þeirra hjóna verða minnst um ókomin ár.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Hafnarfjarðar.

Halldór Svavarsson

Minning + Sigurðar Sigurdórssonar



Kveðja frá Lionsklúbbsi Hveragerðis
Það er skarð fyrir skyldi hjá Lionsklúbbsi Hveragerðis við fráfall góðs og mikilsmetins félaga Sigurðar Sigurdórssonar. Hann gekk til liðs við Lionshreyfinguna 1973 og gerðist félagi í Lionsklúbbsi Öndarfjarðar. Náði Sigurður því að starfa og taka þátt í störfum Lions í 50 ár. Sigurður varð strax mjög virkur félagi og sat í nefndum og síðan öllum embættum innan klúbbsins. Hann var skipaður svæðisstjóri fyrir svæði 4 í umdæmi 109 B og heimsótti fjölda klúbba með þáverandi umdæmisstjóra. Gögn frá Lionsklúbbsi Öndarfjarðar glötuðust í snjóflóðinu á Flateyri og eru skrár því ekki nákvæmar um störf félaga. Þegar snjóflóðið féll var Sigurður formaður klúbbsins í annað eða þriðja skipti og reyndi það mjög á hann og klúbbfélaga svo og alla er það upplifðu. Þau hjónin Sigurður og Erla fluttust um aldamótin til Hveragerðis og færði Sigurður sig fljótlega yfir í Lionsklúbb Hveragerðis með þeim orðum að hann baðst undan að vera í stjórn og virtu Lionsfélagar þá ósk hans. En á móti er það okkar mat að Sigurður hafi unnið því meira að öllum verkefnum klúbbsins og um árabil var hann alltaf fenginn til að keyra og útvega rútu ef eitthvað skemmtilegt var fram undan eða farið var í ferðalög. Sigurður sá um að koma með margt gott tónlistarfólk sem kom fram á tónleikum klúbbsins sem

haldnir hafa verið í Hveragerðiskirkju um árabil. Hann kom með heilu kórana á 70 manna rútu og skilaði þeim svo til síns heima eftir tónleika. Sigurður var hnúttinn í tilsvörum og kom á stundum upp fjörugum umræðum og gat þá verið sposkur og stríðinn þegar halda átti einhverju til streitu. Kom hann á stundum með aðra sýn á hlutina með skemmtilegum rökum við sinn málflutning.

Sigurður var sæmdur Melvin Johns orðu Lionshreyfingarinnar af Lionsklúbbsi Hveragerðis en sú orða er æðsta orða alþjóðahreyfingar Lions, seinna var hann gerður að heiðursfélagi Lionsklúbbs Hveragerðis.

Á níræðisafmæli Sigurðar, hinn 1. júlí 2023 var hann tilnefndur af Lionsklúbbsi Hveragerðis til að veit viðtöku æðstu viðurkenningu Íslensku Lionshreyfingarinnar sem er Kjaransorðan. Af því tilefni greiddi klúbburinn inn á Heiðursjóð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur, fyrrverandi alþjóðaforseta allnokkra fjárhæð sem skráð var á nafni Sigurðar Sigurdórssonar.

Við félagarnir í klúbbum munum um ókomin ár minnst góðs og atorkumikils félaga.

Við þökkum fyrir alla hans tryggð og vináttu, öll árin sem við nutum krafta hans og félagslyndis.

Við leidarlok sendum við fjölskyldu hans allri einlæggar samúðar-kveðjur með þökk fyrir allt og allt

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbs Hveragerðis


Birgir S. Birgisson formaður

Kristinn G. Kristjánsson fo. fjölumdæmisstjóri

Lionsklúbburinn Njörður

Margir klúbbar í Íslandi hafa starfað í mörg ár og haldið marga fundi. Lionsklúbburinn Njörður héldu nú nýlega til Dublin á Írlandi ásamt mökum. Tílefni þeirrar ferðar var ekki af verri endanum því út í Dublin átt að halda 1000asta, já, þúsundasta, fund klúbbsins. Nokkrir félagar voru heiðraðir á þessum tímamótum og við skemmtum okkur vel saman í þessari frábæru ferð. Myndir segja meira en þúsund orð og því setti ég með nokkrar myndir frá þessari vel heppnuðu ferð.

Hörður Sigurjónsson formaður Lionsklúbbsins Njarðar.



Lionsklúbburinn Kaldá

Félagstarf hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur. Við fengum góðan gest í október Rósu Maríu Hjörvar varaformann Blindrafélagsins og með henni var Alex tryggur félagi hennar sem vakti mikla hrifningu okkar.

Í nóvember héldum við Vinkvennakvöld sem heppnaðist vel enda góður matur og góð skemmtun, tískusýning, Saga Kaldár flutt, söngur og happdrætti.

Góð þátttaka var í Blóðsykurmælingu í nóvember sem var í samvinnu lionsklúbbanna þriggja hér í Hafnarfirði.

Við spilum bingó með heimilisfólki á Hrafnistu eins og undanfarin ár og gefum vinninga.

Við heimsóttum vinnustofur listamanna í Íshúsi Hafnarfjarðar og nýjan Viðburðarsal „Ægir“ sem verður opnaðir á næstunni.

Fjáröflun hjá okkur í vetur var sala á gulrótum sem gekk mjög vel enda eru gulrætur góðar.

Í desember höldum við sameiginlegan jólafund allir lionsklúbbarnir þeir og skemmtum okkur vel saman.

Í vor stofnuðum við bókaflúbb sem fékk nafnið Bókaormarnir og erum við allar í þeim klúbbi. Við hittumst einu sinni í mánuði, mæting er góð 8 til 10 konur að jafnaði. Þessi hittingur styrkir starfið og gaman að lesa bækur sem einhver annar hefur valið.

Hátíðarkveðjur ykkar allra og farsælt Lionsár.

Jórunn Jörundsdóttir, samskiptafultrúi





Geraugnaferð á vegum Vision for all

Kæru lionsfélagar
Sendi ykkur til fróðleiks upplýsingar um gleraugnaferð sem ég fór í maí á vegum Vision For All. Eins og ykkur kannski rekur minni til þá stóð til vorið 2020 að ég færi með gleraugu til Madagaskar og fékk ég til þess styrk í ferðasjóð minn frá félögum ykkar.

Þessi ferð var hins vegar slegin af vegna Covid sem þá var farin að grassera víða um heim.

Engar ferðir voru farnar á vegum stofnunarinnar næstu tvö árin en í byrjun árs 2023 var byrjað að skipuleggja ferðir á ný. Þá vantaði bæði sjónfræðing og aðstoðarmann í ferð til El Salvador og ákváðum við, ég og Eiður maðurinn minn að slá til og fara, en hann fór með sem aðstoðarmaður.

Með í för var einnig optiker og fararstjóri frá Svíþjóð þannig að vinnu teymið samanstóð af tveimur sjónfræðingum og tveimur aðstoðarmönnum. Ferðin tók tvær vikur og af þeim voru 9 vinnudagar þar sem við mældum tæplega 2000 manns og úthlutuðum á þriðja þúsund gleraugna.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir veittan stuðning og með greininni fylgja nokkrar myndir frá ferðinni sem heppnaðist í alla staði vel þótt nokkuð erfið væri á köflum.

Með kærri kveðju.

Kristín Gunnarsdóttir sjónfræðingur

